



Ársskýrsla 2003
Ársreikningur 2003

Efnisyfirlit.

Inngangur.....	bls. 1
Framkvæmdir.....	bls. 2
Kostnaður.....	bls. 4
Starfsmenn og ferðir.....	bls. 4
Plöntukaup.....	bls. 5
Útgáfa.....	bls. 5
Ráðstefnur og fundir.....	bls. 5
Samstarf við stofnanir.....	bls. 6
Rannsóknir.....	bls. 6
Stjórn Skjólskóga.....	bls. 7
Fundargerðir stjórnar.....	bls. 7
Ársreikningur.....	bls.12

Tölur:

Tafla I - Stærðir samningssvæða í ha.....	bls. 2
Tafla II – Gróðursetningar 1998-2003 eftir tegundum.....	bls. 3
Tafla III – Akstur.....	bls. 4

Inngangur.

Fjárframlög til Skjólaskóga á árinu 2003 voru samkvæmt fjárlögum kr. 39,5 milljónir, en ekki fengust afgreiddar nema 38,9 milljónir vegna misskilnings í afgreiðslu frá Landbúnaðarráðuneyti.

Fram kemur í ársskýrslu 2002 að rekstrarhalli þess árs var tæp ein milljón króna þótt gert hefði verið ráð fyrir halla upp á 3-4 milljónir. Þessi halli bætist við hallarekstur ársins en samkvæmt áreikningi er hann 4,5 milljónir, að teknu tilliti til inneignar hjá ríki eins og að framan greinir.

Sem fyrr eru Skjólaskógar í þeirri stöðu að þurfa að gera bindandi samninga við plöntuframleiðendur 2-3 ár fram í tímann og er niðurstaða ársins í samræmi við það en allar áætlanir höfðu miðað við hærri framlög árin 2002-3. Einnig koma til samningsbundnar launahækkanir til náttúrufræðinga hjá verkefninu en þar var um 16% hækkun milli ára.

Sem fyrr var brugðist við þessu með allsherjar aðhaldi og frestun á framkvæmdum og fjárfestingum sem mest mátti verða. Örlítil aukning varð í starfsmannahaldi en einn mánuður bættist störf svæðisstjóra.

Ekki tókst að halda kostnaði innan ramma og er það því verkefni næsta árs að ná því marki.

Framkvæmdastjóri var mikið frá störfum síðari helming ársins vegna veikinda í fjölskyldu og varð því af því mikið álag á aðra starfsmenn verkefnisins.

Í þessari ársskýrslu er tekin upp sú nýjung að birta fundargerðir stjórnar Skjólaskóga.

25.ágúst 2004.

Framkvæmdir:

Á árinu voru gerðir samningar við landeigendur á 9 lögbýlum:

Botn í Súgandafirði, Hlíð og Dvergastein í Álftafirði, Skápadal í Patreksfirði, Garpsdal í Gilsfirði, Bæ í Reykhólasveit, Hafnardal á Langadalsströnd, Heydal í Mjóafirði Bakka og Svanshól í Bjarnafirði. Auk þess eru á lokastigi samningar um skógrækt á Sæbóli á Ingjalssandi og Mýrum í Dýrafirði.

Samningi sem gerður var ári áður um Kollafjarðarnes var ekki þinglýst þar sem eigandi (ríki) vildi ekki staðfesta.

Að þessu sinni var verið að gera samninga um timburnytjaskógrækt í allmiklum mæli eða alls um 490 ha. Önnur skógrækt verður á 81 ha lands og er þá heildarstærð samningssvæða 1.706 ha.

Á einni jörð, Skálanesi í Reykhólasveit lauk fyrstu plöntun á árinu.

Tafla I. Stærðir samningssvæða í ha.

Jörð:	Staðsetn.	samn.sv. ha
Alviðra	Dýrafirði	10
Bakki	Bjarnafirði	15,7
Birkihlíð / Botn	Súgandafirði	16
Borg	Arnarfirði	45
Breiðilækur	Barðaströnd	10
Bær	Reykhólasveit	25,2
Dvergasteinn	Álftafirði	40,4
Fell	Dýrafirði	25
Fremri Hjarðard.	Dýrafirði	13,9
Garpsdalur	Gilsfirði	42,2
Gileyri	Tálknafirði	24,4
Hagi	Barðaströnd	21
Hafnardalur	Langadalsstr.	17
Heydalur	Mjóafirði	42,7
Hestur	Súðavíkurrh.	64,8
Hlíð	Álftafirði	130
Hóll	Önundarfirði	31,6
Húsavík	Hól mavíkurrh.	30
Höfðadalur	Tálknafirði	27,8

Jörð:	Staðsetn.	samn.sv. ha
Höfði	Dýrafirði	421
Ingunnarstaðir	Reykhólasveit	48
Ketilseyri	Dýrafirði	34,6
Kirkjuból Valþ.dal.	Önundarfirði	10
Kollafjarðarnes	Hól mavíkurrh.	16,5
Kvigindisfell	Tálknafirði	70,3
Lambadalur	Dýrafirði	30
Litli Laugadalur	Tálknafirði	43
Mávatún	Reykhólasveit	27
Miðjanes	Reykhólasveit	13,6
Mýrar	Dýrafirði	21,5
Mýratunga II	Reykhólasveit	24
Neðri Breiðad.	Önundarfirði	27,9
Seftjörn	Barðaströnd	26
Skálanes	Reykhólasveit	20
Skápadalur	Patreksfirði	22,5
Svanshóll	Bjarnafirði	195,7
Tröð	Önundarfirði	61,64
	Samtals:	1.705,90

Tíðarfar var hagstætt öllum gróðri og er víðast hvar mjög góð útkoma, bæði lifun og vöxtur, en þurrkar settu sem fyrr takmörk á gróðursetningartíma en var þó skárri en árið áður.

Áfram var svipuðum aðferðum beitt við gróðursetningu og jarðvinnslu en að þessu sinni varð nokkur aukning á því að nota aðfenginn starfskraft við gróðursetningu, enda mikil aukning á stærri aðilum í verkefninu sem gróðursetja tugi þúsunda af plöntum árlega.

Á árinu voru gróðursettar 343 þúsund skógarplöntur (250 þús. árið áður) og er nú alls búið að gróðursetja tæpa milljón plöntur frá því að áhugamannafélagið Skjólskógar hóf framkvæmdir á árinu 1998.

Tafla II. Gróðursetning 1998-2003 eftir tegundum

Tegund	Skjólskógar félag		Skjólskógar á Vestfjörðum				Samtals:	hlutfall
	1998	1999	2000	2001	2002	2003		
Ilmbjörk	41.094	46.083	23.788	34.610	139.460	112.300	397.335	40,2%
Hengibjörk	200	1.000	520				1.720	0,2%
Steinbjörk						885	885	0,1%
Sitkagreni/S.bast.	10.642	4.000	12.040	20.200	28.635	101.592	177.109	17,9%
Hvítgreni	400		1.560	2.840	1.240	12.360	18.400	1,9%
Blágreni	1.800	5.440	4.795	200	5.070	7.200	24.505	2,5%
Svartgreni						7.000	7.000	0,7%
Rússalerki	4.320	9.379	18.560	36.042	33.080	51.100	152.481	15,4%
Mýralerki	200		400	5.040			5.640	0,6%
Evróplerki	480		400				880	0,1%
Fjallalerki						2.780	2.780	0,3%
Stafafura	600	2.400	1.000	16.731	4.920	10.000	35.651	3,6%
Bergfura	520	1.200	1.520	2.600	2.760	4.880	13.480	1,4%
Lindifura			720			4.983	5.703	0,6%
Alaskaösp		1.085	6.335	6.725	10.080	4.540	28.765	2,9%
Reyniviður			490		1.085	385	1.960	0,2%
Selja	15		35			1.855	1.905	0,2%
Fjallaþinur	980		175			585	1.740	0,2%
Græn /Sitkaelri	3.735	425	3.975	10.435		9.900	28.470	2,9%
Loðviðir	1.215	3.280	1.610	2.200	2.520	1.925	12.750	1,3%
Jörvaviðir			3.535				3.535	0,4%
Brekkuviðir	500		1.295	1.500	2.030	1.260	6.585	0,7%
Gul./Strandaviðir	525	3.105	960	3.445	2.030	1.945	12.010	1,2%
Heggstaðaviðir		665	1.120	1.135	2.075	2.205	7.200	0,7%
Alaskaviðir	1.500	1.225	4.573	8.810	15.120	2.485	33.713	3,4%
Ýmasar tegundir	500	60		3.805		1.566	5.931	0,6%
Samtals:	69.226	79.347	89.406	156.318	250.105	343.731	988.133	100,0%

Það má reikna með að jafnaði séu gróðursettar 2.200 plöntur á hektara og samsvarar að nú sé búið að planta í tæpa 450 hektara af þeim 28.000 sem að er stefnt á 40 ára starfstíma verkefnisins, eða 1,6 %.

Kostnaður: (Sjá ársreikning aftar)

Kostnaður við framkvæmdir 2003, (þ.e. sá kostnaður sem færast á launamiða til býlis) var alls kr. 22.115.649 á móti 13.212.309 árið áður og hefur því hækkað um tæp 70 % milli ára. Af þessari upphæð eru tæpar 5 milljónir til komnar vegna kostnaðar við friðun.

Þessar tölur sýna fjarri því allan beinan kostnað við framkvæmdina sjálfa, því hvorki koma þar fram liðir eins og loftmyndir, ferðir, verkkenndsla, eftirlit, né gróðurkorta- og áætlanagerð.

Starfsmenn og ferðir.

Á árinu störfuðu 4 menn hjá Skjólaskógum, þar af 2 í fullu starfi, alls 3,1 ársverk. Starfsmenn Skjólaskóga eru:

Arnln Óladóttir. Skógræðingur, Bakka í Bjarnarfirði

Starf: Ábyrgð á gerð skógræktaráætlana, rannsóknir, úttektir, fræðsla og ráðgjöf.

Starfsstöð: Bakki Bjarnarfirði og Þingeyri. Starfshlutfall 67 %

Hallfríður M. Sigurðardóttir. Hólmavík.

Starf: Svæðisstjóri suður / austur, verkstjórn, áætlanir og lagerhald.

Starfsstöð: Svanshóll / Hólmavík. Starfshlutfall 45 %

Kristján Jónsson. BSc. í búvísindum, Ísafirði

Starf: Svæðisstjóri norður / vestur, verkstjórn, kortagerð, áætlanir, rannsóknir og ráðgjöf.

Starfsstöð: Þingeyri. Starfshlutfall 100 %

Sæmundur Kr. Þorvaldsson. Lyngholti, Dýrafirði.

Starf: Framkvæmdastjóri.

Starfsstöð: Þingeyri. Starfshlutfall 100 %

Akstur og ferðalög eru ærinn hluti starfs Skjólaskóga enda eru jarðir heimsóttar eftir því sem við er komið.

Tafla III Akstur og dvöl starfsmanna utan starfsstöðvar 2001 og 2002.

Akstur:	2001	2002	2003	Dagpeningar, allir starfsm.	2001	2002	2003
Skógræðingur	8.180	6.635	6.099	Heill dagur: fæði og gisting	70	70	37
Svæðisstj. Norður / vestur	1.829	1.888	2.330	Gisting 1 nótt:	13	9	19
Svæðisstj. Suður / Austur	8.209	4.791	5.946	Fæði á ferðalagi yfir 8 klst:	41	49	37
Framkvæmdastjóri	1.049	0	0	Fæði á ferðalagi yfir 6 klst:	24	22	59
Fyrirtækisbíll	24.250	27.515	30.235	Dagar eða dagpartar	148	150	152
	43.517	40.829	44.610	Vinnudagar á árinu	661	661	661
				Vinnudaga utan skrifst.	22%	23%	23%

Plöntukaup.

Svipað lag var á plöntukaupum og áður, þ.e. samningar að undangengnum útboðum. Um haustið voru farnar ferðir af starfsmönnum verkefnisins og eigendum gróðrarstöðva á svæðinu og safnað miklu af reyniberjum og birkifræi til að geta boðið upp á viðunandi magn af þessum tegundum af Vestfirskum uppruna. Gríðarleg uppskera var af Reynifræi og spírun ágæt, en slakari spírun í birkifræi. (?)

Alvarlegar skemmdir komu fram á sitkabastarði. Um má kenna vorkali á toppspröta og rôtarkali sem plönturnar urðu fyrir í uppeldisstöð á Suðurlandi snemma í maí, en þessa skemmdir voru ekki komnar fram á plöntunum fyrr en um miðjan júní. Lauslega má ætla að einhver hluti þessara plantna hafi drepist og 20-30 % orðið fyrir töluverðum skakkaföllum.

Skemmdir urðu ekki á plöntum úr sama hóp sem fluttar voru að Bakka í Bjarnarfirði síðla hausts árið áður og yfirvetraðar þar í tilraunaskyni. Þetta staðfestir grunsemdir um að okkur sé hollara að taka sem mest af barrviðum hingað vestur síðla hausts og láta þær vora sig hér.

Útgáfa.**Fréttabréf.**

Félag skógarbænda á Vestfjörðum heldur úti fréttabréfi um sína starfsemi, og gegn fjárstuðningi nýta Skjólaskógar sér þann vettvang til að koma upplýsingum áleiðis. Á árinu voru send út 3 fréttabréf.

Ráðstefnur / fræðsla og fundir.**Fundir:**

Sæmundur Kr. Þorvaldsson:

Allmargir fundir með framkvæmdastjórum annarra landshlutaverkefna, Skógræktar ríkisins og Landbúnaðarráðuneyti.

Ráðstefnur:

Kristján Jónsson: Ráðunautafundur BÍ, RALA og LBH.

Allir starfsmenn: Ráðstefna á Kirkjubæjarklaustri “*Skógrækt, landgræðsla og skipulag*”,

Arnlín fór á fund í Cost verkefnum E-25, sem hún hefur verið þátttakandi í fyrir Íslands hönd. Fundurinn var í nóvember í Tallin í Eistlandi og skilaði hún þar lokagerð af upplýsingum um langtímatilraunir í skógrækt á Íslandi sem lúta að umhverfisáhrifum skógræktar í víðum skilningi. Þessar upplýsingar fara í sérstakan gagnagrunn sem ætlaður er vísindamönnum á þessu sviði, en hluti þeirra er nú birtur á netfanginu <http://www.enfors.org>. Þar með er þátttöku Arnlínar í fundum verkefnisins lokið í bili, en hugmyndin er að fá starfsmann verkefnisins á ráðstefnu/fund á Íslandi á árunum 2004/2005 til að kynna verkefnið og niðurstöður þess. Það verk yrði undirbúið í samvinnu við Hrefnu Jóhannsdóttur hjá Skógrækt ríkisins sem tók við sem fulltrúi Íslands í verkefnum á vordögum 2004.

Eftir fundinn skilaði Arnlín af sér ritgerð um skógarfuru og greni í Eistlandi sem hægt er að nálgast á skrifstofu Skjólaskóga.

Grunnnámskeið.

Tvö hefðbundin grunnnámskeið fyrir nýja þátttakendur voru haldin í byrjun maí á Laugahóli í Bjarnarfirði og Núpi í Dýrafirði. Alls sóttu 36 manns þessi námskeið. Einnig var stutt námskeið í Bjarnarfirði fyrir verktaka í gróðursetningu.

Samstarf við stofnanir:**Skógrækt ríkisins:**

Samstarf við Skógrækt ríkisins snertir helst vinnu við að koma á samræmdri skráningu framkvæmda vegna svokallaðrar “*Íslenskrar skógarúttektar*”, en þar er haldið tölfræðilega utan um allar skógræktarframkvæmdir og má þar kalla fram nákvæmar upplýsingar um hvað var gróðursett, hvenær, hve mikið og nákvæmleg hvar. Öll þessi göng (skrár og kort) eru á stafrænu formi og senda Skjólaskógar upplýsingar um árlegar framkvæmdir í þennan gagnabanka.

Landgræðsla ríkisins:

Framhaldið var samstarfssamningi við Landgræðslu ríkisins um verkefnið “*Bændur græða landið*”, enda fellur það vel að starfi Skjólaskóga.

Rannsóknir:

Skjólaskógar kostuðu uppsetningu tilraunar á ryðþolni asparklóna sem Rannsóknarstöð Skógræktar ríkisins setti út í landi Mávatúns á Reykhólum. Alls verður kostnaður við þessa framkvæmd um 600 þúsund kr. enda tilraunin all umfangsmikil, um 8.000 plöntur.

Stjórn Skjólaskóga:

Stjórn Skjólaskóga er ráðherraskipuð að fengnum tilnefningum nokkurra aðila:

Einar Oddur Kristjánsson alþingismaður. Formaður stjórnar.

Formaður er skipaður án tilnefningar,

Sighvatur Jón Þórarinnsson bóni á Höfða í Dýrafirði.

Tilnefndur af Félagi skógarbænda á Vestfjörðum.

Aðalsteinn Sigurgeirsson forstöðumaður rannsóknarstöðvar SR. á Mógilsá.

Tilnefndur af Skógrækt ríkisins.

Eiður Thoroddsen rekstrarstjóri á Patreksfirði.

Tilnefndur af skógræktarfélagum á Vestfjörðum.

Fundargerðir stjórnar:**15. stjórnarfundur Skjólaskóga á Vestfjörðum.**

Fundartími: 14.02.2003 kl 17:00

Fundarstaður: Rúgbrauðsgerðin, Skúlagötu 7 Reykjavík.

Mættir: Einar Oddur Kristjánsson, Aðalsteinn Sigurgeirsson, Sighvatur Jón

Þórarinnsson, Eiður Thoroddsen og Sæmundur Kr. Þorvaldsson.

Dagskrá:

1. Samningar um plöntukaup vegna 2004.

Framkvæmdastjóri lagði til framlengingu á samningi við Kvista, og að samið yrði á grundvelli útboðs frá des. 2002 við: Moshlíð, Barra og Lágafell. (Samtals 464 þúsund plöntur á 14,9 milj.)

Stjórn samþykkir þessa samninga

2. Áætlaðar samningsjarðir árið 2003. Lagður fram listi yfir þær jarðir sem starfsmenn

Skjólaskóga leggja til að gerður verði samningur á árinu við eftirfarandi jarðir eru á þessum lista: Efri og Neðri Tunga í Patreksfirði, Skápadalur í Patreksfirði, Botn í Dýrafirði, Sæból á Ingjaldssandi, Mýrar í Dýrafirði, * Hlíð í Álftafirði, Dvergasteinn í Álftafirði, Kelda í Mjóafirði, * Laugaból í Laugabólsdal * Melgraseyri á Langadalsströnd, Bakki í Bjarnarfirði, Svanshóll í Bjarnarfirði, Mýrar við Drangsnæs, Bær í Reykhólasveit, Garpsdalur í Gilsfirði, Gufudalur í Reykhólasveit og Fremri Gufudalur í Reykhólasveit.*

* Gæti tafist um eitt ár af ýmsum ástæðum.

Listinn samþykktur samhljóða.

3. Framkvæmdaáætlun 2003.

Umræðu og afgreiðslu frestað.

4. Launamál framkvæmdastjóra.

Lagt fram bréf frá framkvæmdastjóra þar sem hann fer fram á launahækkun til samræmis við aðra starfsmenn sem fengu nýjan samning á síðasta ári.

Stjórn gerði eftirfarandi samþykkt:

Stjórn Skjólaskóga á Vestfjörðum hefur ákveðið laun framkvæmdastjóra verkefnisins, Sæmundar Kr. Þorvaldssonar, kr. 320.000.- þrjú hundruð og tuttugu þúsund krónur á mánuði frá 1. febrúar 2003 að telja.

Launadeild er hér með falið að annast launagreiðslur til framkvæmdastjóra í samræmi við þetta.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:30.

Fundargerð ritaði Sæmundur Kr. Þorvaldsson.

16. stjórnarfundur Skjólaskóga

Fundartími: Sunnudagurinn 6. apríl 2003, kl. 20-23:30

Fundarstaður: Skrifstofa Skjólaskóga, Þingeyri

Mættir: Einar Oddur Kristjánsson, Sighvatur Þórarinnsson, Aðalsteinn Sigurgeirsson, Sæmundur Þorvaldsson, Eiður Thoroddsen (í síma)

Fundarfrásögn

1. **Fundargerð 15. stjórnarfundar** (14/2 2002) samþykkt.

2. **Ársreikningur 2002**

Í ríkisreikningi kemur fram að Skjólaskógar eigi inni hjá ríkissjóði 687 þús., en Landbúnaðarráðuneytið telur þar um misskilning að ræða sem skýrist af framúrkeyrslu frá 2001 sem var 2,7 M kr.

Niðurstaða 2002 er jákvæð sem nemur 986.770 kr.

Staða viðfangsefna 2002: framúrkeyrsla 2001 (sundurliðun 1)

Sértekjur að krónutölu 552 þús., skýrist af samningi við Landgræðslu ríkisins um verkefnið „Bændur græða landið“, útseldum fyrirlestri A.Ó., seldum jarðtætara (kr. 100 þús.)

Gjöld; aðrar aukagreiðslur: stjórnarlaun + orlofsuppbót

Laun fastra starfsmanna kr. 9 M, launatengd gjöld 2 M

Blað 3 af 3 í gjöldum: Framlög beint á jarðirnar; allt sem færast á reikning bóndans (tæpar 13 M kr)

Rætt um samburðarfræði milli verkefna, mikilvægi þess að bera saman kostnaðar- og árangurstölur milli verkefna til þess að koma betri böndum á starfsemina og hvetja til aukinnar skilvirkni og árangurs.

Ársreikningur samþykktur samhljóða.

3. **Ársskýrsla 2002**

26 jarðir sammingsbundnar. Nokkrar jarðir fengu plöntur án sammings en þær áttu að ganga formlega inn í verkefnið í fyrra.

Plöntulagerar; greiddar voru 100-200 þús. kr. fyrir umhirðu.

Athugasemdir minni háttar, leiðréttingum verður komið inn í útgáfu sem birt verður á vefsíðu.

Bláberjaræktunarverkefni fékk kr. 1 M frá Framleiðnisjóði Landbúnaðarins. Aðilar að verkefninu eru Skjólaskógar á Vestfjörðum, Náttúrustofa Vestfjarða, Búnaðarsamband Vestfjarða, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða.

4. **Framkvæmdaáætlun 2003**

Áætlun kynnt.

Áætlunin gerir ráð fyrir 2,3 M kr. halla sem ná verður niður. Leitað verður allra leiða til þess að skera þennan halla niður í núll, með aukningu sértekna (útseldri vinnu). Verið að skoða aðra tækni til þess að ná niður símkostnaði sem hefur hækkað verulega milli ára.

Lækkun hefur orðið í aksturskostnaði milli ára í notkun einka- (starfsmanna-) bifreiða.

Ná verður með öllum ráðum betri stærðarhagkvæmni verkefnisins. Rætt var um nauðsyn þess að nýta betur fastan kostnað við mannhald til þess að auka gróðursetningu í amk 500 þús. (á árinu 2003: 380 þús.) trjáplöntur á ári (sú tala þyrfti helst 1 M skv. ákvæðum

laga !). Friðunarkostnaður er afar hár (18% af heildarkostnaði) í byrjun meðan verið er að taka nýjar jarðir inn. Á eftir að lækka.

Eins og staðan er í dag er ekki verið að fullnýta mannskap.

Hagkvæmast er að taka inn sem stærstar jarðir til að nýta fjármuni betur.

Sighvatur telur rétt að leggja stórauðna áherslu á skjólbelti.

5. Þingsályktunartillaga um fjármagn til Skjólskóga á Vestfjörðum 2004-2008.

Áætlun gerir ráð fyrir að hækkun framlaga til Skjólskóga verði á næstu árum:

2004: 44 M kr

2005: 49

2006: 55

2007: 61

2008: 67

Talið er að líta megi á að eftir þessari áætlun verði gengið við gerð fjárlaga næstu árin.

Enn var minnst á samanburðarfræði (benchmarking) milli landshlutaverkefna. Skilningur framkvæmdastjóra LHV er nokkuð mismunandi á því hvort þörf sé á samanburðarfræðum í rekstri verkefnanna.

6. Stuðningur við kaup á iðufylgimæli fyrir rannsóknir á kolefnisbindingu í skógrækt á Íslandi. Akvörðun: Skjólskógar eru 10% af heildarfjárveitingu til LHV og skal því greiða 10% af heildarframlagi LHV til verkefnisins.

7. Starfslýsingar starfsmanna.

Marka verður skýrar línur um starfslýsingar fagfólks

8. Gagnabanki skógræktar.

Gagnagrunnur til framkvæmdaskráningar og umsýslu. Sameiginleg skil á skráningu.

9. Fundir framundan

Ákveðið var að halda næsta stjórnarfund á Tálknafirði í júní.

Sagt var frá fyrirhugaðri fagráðstefnu á Laugum í Sælingsdal í feb. 2004

Einnig var skýrt frá fyrirhugaðri Írlandsferð í haust sem skipulögð er af Skógræktarfélagi Íslands í samvinnu við Landssamtök skógareigenda.

10. Bréf frá Fjársýslu ríkisins, þar sem tilkynnt er að ekki sé unnt að greiða laun til framkvæmdastjóra sem er utan félaga, nema að fyrst berist erindi, með rökstuðningi, til starfsmannaskrifstofu Fjármálaráðuneytisins. Vísað til 4. liðar í fundargerð 15. fundar. Formaður mun taka að sér að leysa málið.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 22:30.

Mógilsá, 20. júní 2003

Aðalsteinn Sigurgeirsson

17. stjórnarfundur Skjólskóga

Fundartími: Fimmtudagurinn 25. júní 2003, kl. 11-21

Fundarstaður: Hvammeyri, Tálknafirði

Mættir: Einar Oddur Kristjánsson, Sighvatur Þórarinsson, Aðalsteinn Sigurgeirsson, Eiður Thoroddsen auk starfsmanna Skjólskóga; Sæmundar Þorvaldssonar, Arnílnar Óladóttur og Kristjáns Jónssonar.

Fundarfrásögn

1. Morgunverður á Hvammeyri
2. Staða framkvæmda
 Komnar niður 220 þús. af 350 þús. Skemmdir virðast miklar í unglöntum vegna nálakals og rótakals í gróðrarstöðinni Kvistum í hreti í byrjun maí, en skemmdir á trjágróðri á Vestfjörðum hafa verið fremur litlar af völdum þessa hrets. Rigning var mikil í 17. júní vikunni og vikunni á eftir. Ákvörðun hefur verið tekin um að halda áfram með gróðursetningar eins lengi og hægt er fram eftir júlímánuði og sleppa að mestu haustgróðursetningu. Vegna mikilla affalla á alaskaösp á Seftjörn var farið út í hraðræktun á völdum klónum á Vestfjörðum.
3. Taxtar við útplöntun og skjólbeltagerð
 Taxtar Skjólaskóga um gróðursetningu og skjólbelti kynntir. Umræður og fyrirspurnir um kostnaðarforsendur.
4. Skoðaðar framkvæmdir á Hvammeyri og Höfðadal, ásamt landeigenda, Ragnari J. Jónssyni og öðrum skógarbændum í Tálknafirði.
5. Skoðaðar framkvæmdir á Gileyri ásamt landeiganda, Torfa E. Andrésyni
6. Hádegisverður á Tálknafirði
7. Skoðaðar framkvæmdir á Kvígindisfelli ásamt Magnúsi Guðmundssyni bónda. Að skoðunarferð lokinni voru þegnar kaffiveitingar á Kvígindisfelli.
8. Skoðunarferð að Sellátrum og Arnarstapa

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 21:00

Mógilsá, 26. júní 2003

Fundarritari: Aðalsteinn Sigurgeirsson

18. stjórnarfundur Skjólaskóga

Fundartími: Þriðjudagurinn 16. sept. 2003, kl. 11:00-15:30

Fundarstaður: Skrifstofa Skjólaskóga, Þingeyri

Mættir: Einar Oddur Kristjánsson, Sighvatur Þórarinnsson, Aðalsteinn Sigurgeirsson, Eiður Thoroddsen auk Sæmundar Þorvaldssonar.

Fundarfrásögn

1. Fundargerð 17. stjórnarfundar samþykkt.
2. Ársreikningur Skjólaskóga 2002
 Farið var yfir athugasemdir Sigurðar Þórðarsonar og Sigurjóns I. Haraldssonar með Ársreikningi.

Þar koma fram tilmæli um að kostnaður vegna dagsferða starfsmanna skulu greiddar skv. reikningi, í stað þess að greiddir séu dagpeningar í dagferðir. Samþykkt.

3. Staða framkvæmda.

Kynntar tölur um gróðursetningu á vegum Skjólaskóga 1998-2002, eftir tegundum. Einnig kynntar tölur um flatarmál lands hjá jörðum með samninga við Skjólaskóga, s.t. 1110 ha á 26 jörðum.

Staða framkvæmda 16/9 2003: Áætlað var að 384 þús. trjaplöntur, búið að gr.s. 362 þús.; eftir er að gróðursetja 22 þús. fyrir vetur.

Verið er að gera samninga á 12 jörðum, s.t. að flatarmáli 727 ha.

Kynnt var skýrsla tilraunar með gróðursetningu trjaplantna á ófriðuðu landi á Ingjaldssandi. Stofnað var til tilraunarinnar til þess að kanna hvort hægt væri að sleppa girðingum án þess að valdi verulegum afföllum og beitarskemmdum á trjágróðri þar sem háttar þannig til að fé er fátt í högum og hætta aðeins fyrir hendi síðari hluta sumars. Fyrstu niðurstöður benda til fremur lítilla (12%) beitarskemmda. Ákveðið að fylgjast áfram með tilrauninni næstu ár áður en ákvarðanir eru teknar um að reyna skógrækt án girðinga á svæðum þar sem friðun er ófullkomin.

Sæþ kynnti hugmynd um allstórt svæði í botni Dýrafjarðar þar sem markmiðið yrði verndun birkiskóga ásamt upplýsingaskiltum sem hefðu að geyma sögu skógarnytja, náttúru o.fl. á svæðinu.

4. Íslensk skógarúttekt / aðlögun framkvæmdaskráningar

Kristján Jónsson kynnti hvernig verið er að aðlaga framkvæmdaskráningu Skjólaskóga að þörfum verkefnisins „Íslensk skógarúttekt“ (sem vistað er á Rannsóknastöðinni á Mógilsá). Vöntun á loftmyndum veldur nokkrum tögum á verkinu.

5. Þörf á kerru til plöntuflutninga og kerru til að flytja „Haugara“ (Kullu).

Plöntuflutningakerra verður að geta flutt 10 þús. plöntur. Sæþ falið að leita tilboða í slíkar kerrur.

6. Útboð á plöntuframleiðslu

Ekkert útboð verður á plöntum í ár vegna 2005, en samið áfram við sömu framleiðendur og áður (Ós, Kvista, Moshlíð). Áætluð kaup á árunum 2004 verða 460 þús. trjaplöntur.

7. Þýðing og útgáfa á kverinu „Trees against the wind“.

Gera þarf kostnaðaráætlun og í framhaldi af því að fela Magnúsi Rafnssyni, Arnlíni Óladóttur og e.t.v. fleirum að annast þýðingu og ganga frá útgáfurétti gagnvart forlagi og höfundum. Útgáfa yrði sameiginlegt verkefni Skjólaskóga og Mógilsár.

8. Námskeið í verkefnisstjórnun (Aðalsteinn)

Tillaga um að Landshlutaverkefnið efni sameiginlega til námskeiðs undir leiðsögn Tryggva Sigurbjarnarsonar. Slík námskeið hafa verið haldin að undanförmu fyrir starfsmenn Skógræktar ríkisins og reynslan er góð. Mikilvægt er að lykilstarfsmenn „verkefna“ skilji til hlítar hugtök á borð við „verkefni“ og „verkefnisstjórnun“ og læri að beita aðferðum verkefnisstjórnunar í störfum sínum.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 15:30

Mógilsá, 16. sept. 2003

Fundarritari: Aðalsteinn Sigurgeirsson